

314. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, mánudaginn 18. nóvember 2024 og hófst hann kl. 17:00.

Fundinn sátu:

Guðmundur Ingbór Guðjónsson formaður, Anna Sólveig Smáradóttir aðalmaður, Ragnar B. Sæmundsson varamaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi og Lárus Ársælsson umhverfisstjóri.

Fundargerð ritaði: Halla Marta Árnadóttir, skipulagsfulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 2209259 - Stefnuþingun Akraneskaupstaðar

Farið yfir uppsetningu og verkferla tengda verkefnaskrá, ásamt drögum að aðgerðaáætlun fyrir heildarstefnuna.

Valdís Eyjólfsdóttir situr fundinn.

Skipulags- og umhverfisráð þakkar fyrir yfirferð á stöðu verkefnisins.

2. 2408258 - Húsnæðisáætlun 2025

Húsnæðisáætlun 2025 lögð fram til kynningar.

Skipulags- og umhverfisráðs þakkar fyrir greinagóða kynningu á Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar fyrir árið 2025.

Valdís Eyjólfsdóttir vikur af fundi.

3. 2410325 - Hólabrúarnáma - Innri-Hólmur - Umsagnarbeiðni

Óskað er eftir umsögn Akraneskaupstaðar vegna breytinga á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar útaf stækkun Hólabrúarnáma - Innri-Hólmur.

Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemdir að svo stöddu en áskilur sér rétt til að leggja fram álit á síðari stigum.

4. 2301128 - Deiliskipulag Dalbrautarreitir - Stillholt 23 og Dalbraut 2

Umsókn NH-2 ehf. um breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits vegna Stillholts 23 og Dalbrautar 2. Í breytingunni fellst að sameina lóðir undir Dalbraut 2, gert er ráð fyrir byggingu sem stallar sig frá fjórum og upp í tíu hæðir, ásamt bílakjallara. Byggingin skiptist í atvinnustarfsemi á jarðhæð en gert er ráð fyrir möguleika sömuleiðis á skrifstofum og/eða þjónustu á annari og þriðju hæð. Íbúðir eru á efri hæðum hússins og fjöldi getur verið frá 45 íbúðum uppí 75 íbúðir.

Gögn lögð fram til kynningar.

5. 2103268 - Deiliskipulag - Höfðasel

Drög að deiliskipulag Höfðasel kynnt.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að skipulagið verði kynnt á opnum kynningarfundum.

6. 2201150 - Hleðslustöðvar - samningur ON

Lagðar fram upplýsingar um rekstur hleðslustöðva ON á Akranesi frá júlí 2023.

Skipulags- og umhverfissráð felur umhverfisstjóra að leggja fram minnisblað um stöðu hleðslustöðva á Akranesi m.t.t. hugsanlegs útboðs á þjónustunni.

7. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Drög að nýrri gjaldskrá yfir meðhöndlun úrgangs lögð fram. Breytt er flokkun úrgangs hjá heimilum, og uppbyggingu gjaldskrár. Kostnaður við meðhöndlun úrgangs í Gámu verður framvegis innheimtur hjá notendum. Kostnaður við rekstur á móttökustöð Gámu og við grenndarstöðvar verður hluti af gjaldskrá og innheimtur hjá heimilum.

Skipulags- og umhverfissráð samþykkir drög að gjaldsskrá og vísar henni til bæjarráðs.

8. 2411003 - Æðaroddi - tæming á taðstíum

Erindi um að losun á húsdýraúrgangi verði leyfð á jarðefnatipp án gjalds.

Skipulags- og umhverfissráð þakkar fyrir erindið og fellst á að leyfa losun húsdýraúrgangs á jarðvegstipp á vegum Akraneskaupstaðar. Gjaldskrá fyrir losun er til að mæta kostnaði við rekstur svæðisins.

9. 2408188 - Gangbrautir í Lundahverfi

Erindi um gangbrautir í Lundahverfi

Skipulags- og umhverfissráð felur umhverfisstjóra að skoða öryggismál gangandi vegfarenda í hverfinu og leggja fram minnisblað. Ráðið bendir á að á næsta ári er ráðgert að setja göngubverun á gatnamót Eyrarlundar og Álfalundar ásamt gangstétt við lóð leikskólans.

10. 2411107 - Brunavarnir Stúkuhúsið í Görðum

Bréf með ósk um fjármagn til að uppfylla kröfur um brunavarnir í stúkuhúsi á Garðavöllum.

Skipulags- og umhverfissráð hefur ekki athugasemd við áætlaða framkvæmd og vísar erindinu að öðru leyti til bæjarráðs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 21:00.